

Alþingi
Erindi nr. P 132/514
komudagur 5.12.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Reykjavík 5. desember 2005
Tilv.: DKM05110305/320.1-

**Umsögn sifjalaganefndar um 78. mál, sameiginleg forsjá barns og
279. mál, breyting á ýmsum lögum á sviði sifjaréttar (sameiginleg forsjá barns o.fl.)**

Sifjalaganefnd fjallaði um fyrrnefnd frumvörp á fundi sínum þann 28. f.m..

Efni þingmannafrumvarpsins er að meginstefnu til hið sama og efni I. kafla frv. dómsmálaráðherra. Sifjalaganefnd tók þá ákvörðun á fundi sínum að einskorða umfjöllun sína við frv. dómsmálaráðherra en hefur ekki aðrar athugasemdir við 78. mál en þær sem leiða má af umsögninni um frv. dómsmálaráðherra.

Sifjalaganefnd leggur til að gerð verði ein breyting á frv. dómsmálaráðherra, þ.e. á a. lið 1. gr. frv.

Tillaga sifjalaganefndar er að a. liður 1. gr. frv. hljóði svo:

„I. mgr. orðast svo:

Foreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið. Foreldrar skulu ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með að jafnaði fasta búsetu. Sýslumaður skal tilkynna þjóðskrá, hjá hvoru foreldri barnið eigi lögheimili. Samþykki beggja foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, þarf ávallt til flutnings lögheimilis barnsins milli landshluta. Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.“

Framangreind tillaga felur í sér að tveir nýir málslíðir bætast við málsgreinina. (Samþykki beggja foreldra, sem fara sameiginlega með forsjá barns, þarf ávallt til flutnings lögheimilis barnsins milli landshluta. Sýslumaður skal leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.)

Forsjá barns felur í sér rétt og skyldu fyrir foreldri til að ráða persónulegum högum barns, þ. á m. að ákveða búsetustað þess. Í sameiginlegri forsjá felst því að báðir foreldrar hafa þennan rétt og skyldu og er litið svo á að þörf sé á atbeina beggja til allra meiriháttar ákvarðana sem varða barn, sbr. athugasemdir í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 20/1992. Í framkvæmd hafa oft vaknað spurningar um hvaða ráðstafanir teljist meiriháttar þannig að báðir foreldrar þurfi að koma að


máli. Það á t.d. við um þau tilvik þegar breyta á lögheimili barns og í því skyni að taka af öll tvímæli í því sambandi leggur nefndin til að lögfest verði að samþykki beggja foreldra þurfi til þess að flytja lögheimili barns milli landshluta. Það er skoðun sifjalaganefndar að við nánari afmörkun á því hvað felist í orðunum „milli landshluta“ sé rétt að styðjast við umdæmi héraðsdómstóla þó með þeirri undantekningu að rétt sé að skoða umdæmi héraðsdóms Reykjavíkur og héraðsdóms Reykjaness sem eitt svæði eða landshluta samkvæmt framansögðu, líkt og gert er í 3. málsl. 1. mgr. 91. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.


Sifjalaganefnd telur mikilvægt að mótaðar verði leiðbeiningarreglur um inntak sameiginlegrar forsjár, hvað í henni felist og hvaða ákvarðanir teljist meiriháttar þannig að samþykki beggja foreldra þurfi til að koma. Sifjalaganefnd telur að ekki eigi að binda slíkt í lög, umfram það sem framangreind breytingartillaga sifjalaganefndar gerir ráð fyrir, enda mikilvægt að slíkum reglum megi breyta með auðveldum hætti til samræmis við þróun í þjóðfélaginu.

Þá leggur sifjalaganefnd til að skerpt verði á leiðbeiningarskyldu sýslumanns gagnvart foreldrum með því að mæla sérstaklega fyrir um að sýslumanni beri að leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér, þ. á m. á réttarstöðu hvors foreldris um sig, um takmarkanir á heimildum foreldrisins sem barnið býr hjá til breytinga á lögheimili milli landshluta o.s.frv.

Sifjalaganefnd tekur að lokum fram að hún telur að þær breytingar á barnalögum um sameiginlega forsjá, sem felast í a. lið 1. gr. frv., muni ekki hafa í för með sér miklar breytingar á gildandi rétti. Sameiginleg forsjá mun eftir sem áður byggja á samkomulagi foreldra enda getur foreldri, sem ekki vill hafa sameiginlega forsjá, hvenær sem er höfðað dómsmál til breytingar forsjár. Sifjalaganefnd telur mikilvægt að svo verði áfram.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir sifjalaganefnd ekki athugasemdir við frv. dómsmálaráðherra og telur ákvæði 2., 3. og 4. gr. I. kafla og ákvæði II. og III. kafla þess horfa til réttarbóta.


Drífa Pálsdóttir


Valborg Snævarr/hrl.